

JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 112

September 2008

Fréttabréf



Gunnar Hjaltason

HAUSTFUNDUR

Haustfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn 21. október 2008 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

Erindi: “Grímsvatnagosið 2004: Gjóska, útbreiðsla og upphleðsla í Grímsvötnum.” Björn Oddsson

Myndasýning: Breytingar á Grímsvötnum á undanförunum árum.
Magnús Tumi Guðmundsson

HAUSTFUNDUR JÖKLARANNSÓKNAFÉLAGSINS

Haustfundur Jökларannsóknafélagsins verður haldinn þriðjudaginn 21. október 2008 í sal 132 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands og hefst klukkan 20:00. Á fundinum flytur Björn Oddsson jarðfræðingur erindi undir yfirskriftinni “Grímsvatnagosið 2004: Gjóska, útbreiðsla og upphleðsla í Grímsvötnum”

Grímsvatnagosið í nóvember 2004 stóð tiltölulega stutt en meginfasi þess stóð í um 33 tíma. Kvikan sundraðist þegar hún blandaðist við vatn á gosstöðvunum og barst með gosmekki upp í um 8-10 km hæð. Vegna suðlægra vinda lagðist gosmökkurinn til norðurs og féll gjóskan innan vel afmarkaðs geira á Vatnajökli og norður fyrir hann. Þessar aðstæður gáfu einstakt tækifæri til þess að safna gjósku með skipulegum hætti og meta heildarmagn hennar. Heildarmagn gjóskunnar var borið saman við þekkt líkön sem miða að því að reikna út magn gosefna út frá gildum eins og hæð gosmakkar, jafnþykktarlínunum og dreifingu kornastærðar. Þessar nákvæmu mælingar varpa nýju ljósi á hegðun Grímsvatnagosa, auðvelda samanburð þeirra við gos í öðrum eldstöðvum og uppsöfnun gosefna innan Grímsvatnaöskjunnar.



Að loknu kaffihléi verður myndasýning að vanda og að þessu sinni frá Grímsvötnum. Á síðustu árum hefur jarðhiti stóraukist innan Grímsvatna, samfara aukinni eldvirkni. Nýir sigkatlar hafa myndast, bergveggir komið í ljós sem áður voru huldur ís og leiðir sem áður voru greiðar eru nú ekki færar öðrum en fuglinum fljúgandi nema ef vera skyldi fjallamönnum með stiga og línur. Magnús Tumi Guðmundsson sýnir myndir af þessum breytingum.

HAUSTFERÐ JÖKLARANNSÓKNAFÉLAGSINS 2008

Haustferð Jörfí verður að þessu sinni farin í Nauthaga. Slegist verður í för með Leifi Jónssyni lækni og jöklafera og félögum inn að Hofsjökli til sporðamælinga fyrstu helgi októbermánaðar. Lagt verður af stað föstudagsmorguninn 3.október og haldið tilbaka á sunnudags-
eftirmiðdegi. Hafst verður við í tjöldum fyrri nóttina og líklega gist í góðum fjallaskála á laugardagskvöld – en ferðatilhögun og gististaðir eru háðir veðri og aðstæðum. Góðir gönguskór og viðlegubúnaður eru nauðsyn. Þar sem ekið verður um fáfarnar slóðir og á köflum erfiða fjallvegi verða bílar að vera vel útbúnir og eru þátttakendur alfarið á eigin ábyrgð á eigin farartækjum. Eins verða bíllausir sjálfir að finna sér sæti. Þeir sem vilja fara í ferðina vinsamlegast hafi samband við Ágúst Hálfðánsson í síma 894-5257.

Nauthagi kallast gróðursvæðið upp af Illaveri, austan Nautöldu á Gnúpverjaafrétti. Í Nauthaga eru 25-45°C heitar laugar. Hann er í um 600 metra hæð en þó er mikil gróska í blómjurtum á þessu svæði.

Nafn sitt dregur Nauthaginn af því að árið 1847 fundust þarna tvö naut sem höfðu týnst frá Jóni Guðmundssyni ritstjóra þegar hann flutti frá Kirkjubæjarklaustri til Reykjavíkur. Þar höfðu nautin fundið góðan haga, þó skjóllaus væri.

Skemmtinefndin

VORFERÐ JÖRFÍ 2008

Í þetta sinn var vorferðin óvenju fjölbreytt því auk vistar á Grímsfjalli dvöldu litlir hópar nokkra daga á Goðahnjúkum og í Kverkfjölum. Ferðin var einnig óvenju fjölmenn, en í henni tóku þátt alls 29 manns. Stærstur hluti hópsins lagði upp frá Reykjavík á föstudagskvöldi og hélt í Jökulheima þar sem allir gistu. Á laugardagsmorgun, síðasta dag maímánaðar, var risið árla úr rekkju, gengið frá farangri og miklum

eldsneytisbirgðum á kerrur og lagt upp frá jökulrönd eftir hádegið. Rigning var til að byrja með en síðan stytta upp og glaðnaði í lofti. Ferðin gekk að óskum og um kvöldið þegar á Grímsfjall kom, var orðið bjart um allan jökul.



Veðrið var rysjótt en það er alltaf fallet á fjallinu. – mynd FP

Á sunnudegi hófust mælingar og rannsóknir. Þriggja manna hópur fór austur á Goðahnjúka að mæla jaðarurðir og fjögurra manna hópur í Kverkfjöll til rannsókna á jarðhita. Einnig var vitjað um Esjufjallaskála. Þangað voru fluttar vistir fyrir leiðangur líffræðinga sem dvaldi í húsinu um nokkurt skeið í sumar. Ágætisveður var víðast hvar á mánudag og varð sá dagur mörgum drjúgur til verka. Þá bættust einnig fimm manns í hópin, til mælinga kringum Skaftárkatla. Á þriðjudagi var vinnuveður á vestanverðum jöklinum en hvasst og inniseta í Kverkfjölum og á Goðahnjúkum. Miðvikudag og fimmtudag vorum við inni að mestu enda austan hvassviðri með skafrenningi á Grímsfjalli.

Vatnshæð Grímsvatna er lág eins og verið hefur undanfarin ár, 1360 m yfir sjó. Svo er að sjá að enn sé að mestu sírennsli úr Grímsvötnum niður til Skeiðarár og vatnssöfnun óveruleg. Vetrarafkoma í Grímsvötnum var yfir 5 metrar og vatnsgildi 3,2 m, sem er með meira móti. Grímsvatnasvæðið var kortlagt með GPS eins og undanfarin ár. Í vestanverðum Grímsvötnum, nærri gíngnum frá 2004, hefur jarðhiti aukist mjög undanfarin ár og nýir sigkatlar myndast. Þar voru ísskriðsstikur settar upp og einnig kringum Skaftárkatla. Í ferðinni var hugað að aðstæðum í Gjálpi, þar sem jökullinn er nú mjög farinn að eyða ummerkjum um gosið 1996. GPS-landmælingar voru gerðar á nokkrum stöðum og þyngdarmælingar einnig. Tilgangur þeirra mælinga er að fylgjast með landrasi undir Vatnajökli. Í Kverkfjöllum tókst að mæla hitastigul víða í Efri Hveradal, en minna varð úr mælingum en til stóð vegna veðurs. Sama var uppi á teningnum hjá Goðahnúkahópnum, aðeins tókst að mæla á Lambatungnajökli en ekki gaf á Fláajökul í þetta sinn. Sá hópur þurfti að skilja einn vélsleðann eftir vegna bilunar. Hann var síðan sóttur í júlí.



Sólveig Kristjánsson og Eiríkur Lárússon við störf í Grímsvötnum. mynd FP

Auk sjálfbóðaliða JÖRFÍ taka þátt í ferðinni vísindamenn frá Jarðvísindastofnun Háskólans, Veðurstofnunni, Vatnamælingum Orkustofnunar, Landsvirkjun og háskólanum í Edinborg. Snjóbíll HSSR var mikilvirkasta flutningstækið en önnur farartæki voru Ford bíll JÖRFÍ, jeppar og vélsleðar. Með í för var nýtt og glæsilegt sleðahýsi Landsvirkjunar, en það er arftaki Svítunnar sem margir jöklafarar þekkja úr fyrri leiðöngrum. Nýja sleðahýsið er stærra og ennþá betur búíð en það gamla. Mun nýja svítan án efa koma sér vel í margvíslegum rannsóknum á jöklum uppi á komandi árum. Ekki má heldur gleyma mikilvægu framlagi Vegagerðarinnar sem styrkti ferðina með framlagi til eldneystisкупа.

Haldið var til Jökulheima á föstudegi eftir góða dvöl á jökli þó tíðin hafi verið heldur rysjótt og nánast samfelld hríðarveður síðan á þriðjudagskvöldinu. Veður batnaði eftir sem leið á föstudaginn og var orðið vel nothæft um kvöldið í Jökulheimum. Þar var að venju haldin grillveisla og uppskeruhátíð. Átakalítil heimferðin laugardaginn 7. júní gekk að óskum.

Magnús Tumi Guðmundsson

HNAUSÞYKKUR JÖKULL

Nýjasta tölublað Jökuls er óvenju mikið að vöxtum eins og félagsmenn hafa væntanlega tekið eftir. Ritið er á fimmta hundrað blaðsíður og það efnismesta frá upphafi. Þar er að finna 21 grein eftir innlenda og erlenda vísindamenn um stórt og smátt í jarðfræði landsins, jarðskorpuna, heita reiti, jökla og jarðveg, samsetningu gosbergs, gjóskulög, veðrun og setlög svo nokkuð sé nefnt.

Stjórn Jöklarannsóknafélagsins samþykkti haustið 2007, að tillögu nokkurra jarðfræðinga, að gefa út yfirlitsrit um jarðfræði Ísland. Tílefnið var heimsþing eldfjallafræðinga í Reykjavík og alþjóðlega

jarðfræðipíngið í Osló, en báðar þessar ráðstefnur voru haldnar í nýliðnum ágústmánuði.

Kostnaður við útgáfuna er að stórum hluta greiddur með styrkjum. Sökum þess hve umfangsmikill Jökul var þessu sinni þótti ekki fært að bæta við venjulegu félagsefni. Það bíður birtingar í næsta Jökli næsta vor.

SKOÐUNARFERÐ Í GRÍMSVÖTN MEÐ ERLENDA ELDFJALLAFRÆÐINGA

Dagana 17.-22. ágúst fór fram í Háskóla Íslands ein fjölmennasta vísindaráðstefna sem haldin hefur verið á Íslandi. Þetta var heimsþing eldfjallafræðinga þar sem um 900 vísindamenn frá yfir 50 löndum báru saman bækur sínar. Í tengslum við ráðstefnuna voru farnar nokkrar skoðunarferðir. Ein þeirra var þriggja daga ferð í Grímsvötn en hana tóku nokkrir félagar JÖRFÍ að sér. Í ferðinni voru 27 þátttakendur. Af þeim voru 18 erlendir vísindamenn, sex bílstjórar, tveir leiðsögumenn og einn sem sá um matinn.



Eldfjallafræðingarnir ásamt fríðu föruneysi. - mynd MTG

Lagt var upp frá Reykjavík að morgni laugardagsins 23. ágúst. Farið var sem leið liggur um Vonarskarð og Köldukvíslarjökul. Á hájöklinum var þoka og rigningarsuddi en ferðin á Grímsfjal gekk vel. Um nóttina var sunnan hvassviðri en með morgninum lægði og létti til svo sást um allan jökul. Er ekki að orðlengja það að erlendir gestir okkar fengu glimrandi veður í Grímsvötnum þennan sunnudag, heimsóttu gosstöðvarnar frá 2004 og á heimleið var lögð lykkja á leiðina norður í Gjálp. Þegar hópurinn kom á Grímsfjall að áliðnum degi var góða veðrið búið. En það gerði ekkert til, þátttakendur höfðu kynnast Grímsvötnum, en þá ósk höfðu sumir í hópnum alið með sér í áraraðir. Um kvöldið voru lambalæri grilluð og hinir erlendu gestir okkar fengu kynningu á söngvum jöklafólks.



Hópurinn í Grímsvötnum, en þangað hafði marga dreymt í áraraðir um að koma. – mynd MTG

Á mánudeginum hafði snjóað nokkuð en þá var ekið austur jökul að Jöklaseli í sléttu og góðu færi. Síðan var haldið til Reykjavíkur með viðkomu við Jökulsárlón, í Skaftafelli og kvöldverði á Kirkjubæjarklaustri. Ferðin heppnaðist býsna vel og áttu hinir erlendu

gestir okkar varla orð til að lýsa undrun sinni og aðdáun á ferðamáttinum, bílstjórnunum og fararskjótunum. Þannig lauk þessari fyrstu alþjóðlegu skoðunarferð í Grímsvötn og verður ekki annað sagt en að hún hafi verið Jökklarannsóknafélaginu til sóma.

Magnús Tumi Guðmundsson

STYTTIST Í ÁRSHÁTÍÐ

Árshátíð Jökklarannsóknafélagsins verður haldin 8.nóvember næstkomandi. Gleðin hefst með fordrykk kl. 17.30 og hátíðin verður haldin á fastalandinu en nánara fyrirkomulag verður kynnt á haustfundi. Takið daginn frá!



Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Valgerður Jóhannsdóttir